

ÁVEITUSAMÞYKKT

92

29. okt.

fyrir

áveitu- og framræslufélag Vatnsdælinga.

1. gr.

Félagið heitir Áveitu- og framræslufélag Vatnsdælinga. Heimilisfang þess er Áshreppur í Húnavatnssýslu og varnarþing félagsins er heimili formanns.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar 5 jarðir í Ás- og Sveinsstaðahreppum:

Kornsá, Gilsstaði, Flögu, Helgavatn og Hnjúk.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að bæta engjalönd þeirra jarða, sem taldar eru í 2. grein, með áveitu og framræslu. Vatn til áveitunnar skal tekið úr Kornsá, en einnig notfært sér vatn úr Vatnsdalsá, þá það næst. Framkvæmdum á mannvirkjum félagsins skal hagað í samræmi við áætlanir og uppdrætti Búnaðarfélags Íslands, dags. 21. janúar 1929, og breytingar, sem það kynni að gera síðar.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin á aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðar í röð eftir starfstíma ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum, og má sami maður eigi vera formaður og gjaldkeri. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim, og sér um bókun allra fundargerða. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtanir og greiðslur, eftir ávísunum formanns. Stjórnarnefnd annast um alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess alla milli aðalfunda. Hún sér einnig um hið árlega viðhald á mannvirkjum þess, og annast allar skuldbindingar fyrir félagsins hönd. Stjórnarnefndinni er heimilt um áveitutímann að ráða einn mann, til þess að hafa umsjón með áveitunni, og skal hann í störfum sínum hlíta ráðstöfunum stjórnarnefndar, samkvæmt erindisbréfi, sem hún gefur honum. Fyrir 1. nóvember ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkvæmt 6. grein, og ákveður gjald-

92 daga. Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, 29. okt. sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boðað með minnst einnar viku fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gangi milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, og er hann því aðeins lög-mætur, að $\frac{4}{5}$ félagsmanna séu mættir. Á félagsfundum ræður afl atkvæða, eitt fyrir hverja jörð á félagssvæðinu. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar sé kosin stjórn og einn varamaður og 2 endurskoðendur, og rædd þau mál, sem félagið varða. Aukafundi má halda, þegar félagsstjórnin eða meir en helmingur félagsmanna álítur þess þörf.

6. gr.

Öllum árlegum kostnaði við áveituna, svo sem afborgun og vaxta-greiðslu af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, og öllum öðrum sameiginlegum útgjöldum samáveitunnar, skiptir stjórn félagsins í nóvembermánuði ár hvert, á allar jarðir á áveituvæðinu, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af fyrir-tækinu vegna framræslu eða áveitu eða hvorutveggja. En hæfilegt til-lit skal þó tekið til þess, ef einhver af jörðunum stendur sérstaklega að vígi við not áveitunnar eða framræslunnar og um það hefir Búnaðar-félag Íslands æðsta úrskurðarvald.

7. gr.

Sameiginlegur kostnaður samáveitunnar er þessi: Stífla í Kornsa, flóðhlið, stíflugarður og allur kostnaður við að ná upp ánni til áveitunnar, svo og skurður sá með gördum, sem leiðir vatnið norður um landamerki Gilsstaða og Kornsár, samkvæmt fyrirliggjandi uppdretti, og er á sama hátt sameiginlegt allt viðhald þessa hluta verksins fram-vegis, sem allt jafnast niður samkvæmt 6. grein. Allan annan kostnað við áveitu þessa ber hver ábúandi fyrir sitt land.

8. gr.

Ef greiðslur, sem óumflýjanlegar eru til fyrirtækisins, verða vangreiddar samkvæmt niðurfjöfnun, hvort sem er afborganir og vextir af lánum, ef tekin yrðu, hver annar kostnaður eða bein framlög til félagsins, má taka slíkt lögtaki í eignum félagsmanna.

9. gr.

Komi það fyrir, að ein eða fleiri af jörðum þeim á áveituvæðinu, sem nefndar eru í 2. grein, yrðu fyrir landsspjöllum til skaða,

eða þær á einn eða annan hátt hlytu einhvern halla sakir þessa áveitu- **92**
fyrirtækis, skal félaginu skylt að bæta sanngjarnlega fyrir hann sam-^{29.} okt.
kvæmt mati þriggja óvilhallra manna, sem þar til séu útnefndir, einn
af stjórn áveitufélagsins, annar af þeim hlutaðeiganda, sem fyrir halla
verður, og þriðji af sýslumanni Húnavatnssýslu, og í dóminum ræður
afl atkvæða úrslitum. Áður til slíks dóms komi, skulu þó hlutaðeig-
endur gera tilraun til að leiða þetta til lykta innan félagsins með sam-
komulagi, án þess til gerðardóms þurfi að koma.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglu-
mál, og geta þau varðað sektum frá 25,00 til 200,00 krónum, ef eigi
liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar renna í félagssjóð.

11. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef $\frac{4}{5}$ fé-
lagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting ráðherra til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði unnt að
ná takmarki því, er félagið hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynist
á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt
á lögmætum aðalfundi, og $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða séu með því, og sam-
þykki ráðherra fáist.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr.
15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. desember þ. á., og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.